

## Akureyri í öndvegi

Afhending 2020/19

Akureyri í öndvegi (e. Vision Akureyri) var hugmyndasamkeppni haldin af sjálfseignarstofnuninni „Akureyri í öndvegi“.

Sjálfseignarstofnunin var stofnuð í júlí 2004. Að henni stóðu 12 einkafyrirtæki sem höfðu það að markmiði að endurlífga miðbæ Akureyrar og styrkja hann sem miðpunkt menningar og viðskipta á Norðurlandi. Fyrirtækin voru meðal stærstu banka, tryggingafélaga og smásöluvirkækja á Íslandi og svæðisbundinna fjárfestingafyrirtækja.

Keppnin hafði formleg tengsl við bæjaryfirvöld Akureyrar og fólust í því að bæjarfulltrúi átti sæti í verkefnastjórn og bæjarstjóri var formaður dómnefndar. Bæjaryfirvöld lýstu yfir stuðningi við verkefnið og lögðu því lið með ýmsum hætti.

Sem leið að ofanefndu markmiðið stofnunarinnar var ákveðið að standa fyrir alþjóðlegri hugmyndasamkeppni og var hún í samstarfi við Arkitektafélag Íslands. Keppnin var opin öllum sem áhuga höfðu og skiladagur tillagna var 01.03.2005.

Ýmis markmið voru lögð fram fyrir keppendur til að hafa að leiðarljósi og ákveðin atriði þar að hafa í huga við hönnun tillagnanna. Tillögurnar átti að setja fram á allt að fjórum spjöldum. Átti geisladiskur að fylgja með spjöldunum þar sem afrit af þeim var að finna á PDF formi. Tillögurnar voru merktar með sex stafa handahófskenndri tölu.

Afhendingin barst Héraðsskjalasafninu frá Árna Geirssyni, starfsmanni hjá ráðgjafafyrirtækinu Alta. Afhendingin fór fram 30.04.2020. Safninu hefur borist önnur afhending varðandi Akureyri í öndvegi, afhending 2007/66.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri.

15. maí 2020.

Katrín Björg Þórisdóttir.

Skjalavörður.

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
-----------	-----	------	------

---

### Akureyri í öndvegi

2020 / 19

#### A - Akureyri í öndvegi

2005 - 2005

2020 - A/1	1	2005-2005	Geisladiskar með PDF-skjölum. Skjölin eru afrit af spjöldum sem voru lögð fram í keppninni sem aðalform tillaganna. Geisladiskar merktir með nr. A1B2C3 - 223322 eru í kassa 1.	Alls eru 150 diskar í afhendingunni. Líklegt þykir að vinningstillögunar eða ekki með í
2020 - A/2	1	2005-2005	Geisladiskar með PDF-skjölum. Skjölin eru afrit af spjöldum sem voru lögð fram í keppninni sem aðalform tillaganna. Geisladiskar merktir með nr. 230270 - 991755 eru í kassa 2.	Alls eru 150 diskar í afhendingunni. Líklegt þykir að vinningstillögunar eða ekki með í